

Ár 2008 , mánudagur 10. nóvember er dómþing áfrýjunardómstóls KSÍ háð á skrifstofu Guðmundur Péturssonar hrl. Borgartúni 33, Reykjavík, af Guðmundi Péturssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 4/2008
Knattspyrnudeild ÍH
gegn
Knattspyrnudeild Tindastóls.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I

Mál þetta dæma Guðmundur Pétursson, Guðmundur Þórðarson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn áfrýjaða úrskurð kvað aga - og úrskurðarnefnd KSÍ upp þann 17. október sl. Úrskurðarorð hins áfrýjaða úrskurðar er svohljóðandi:

“ Úrslitum í leik ÍH og Tindastóls í 2. Deild Íslandsmótsins, sem fram fór á Ásvöllum þann 20. september sl. er breytt og Tindastóli dæmdur 0 – 3 sigur í leiknum. Kærði ÍH greiði kr. 15.000.- í sekt til KSÍ.“

Áfrýjandi krefst þess aðallega að hinum áfrýjaða úrskurði verði vísað frá , en til vara að honum verði hnekk og þess krafist að úrslit umrædds leiks verði staðfest með 1 – 0 sigri ÍH.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar.

II

Um málavexti vísast til hins kærða úrskurðar.

III

Aðalkrafa áfrýjanda er að málinu verði vísað frá aga - og úrskurðarnefnd á þeim forsendum að nefndin hafi farið út fyrir starfs og valdsvið sitt og fellt úrskurð í málinu án þess að áfrýjanda hafi verið gert unnt að svara fyrir þær málsástæður sem nefndin byggir niðurstöður sínar á.

Að mati dómsins er sú málsástæða áfrýjanda að aga - og úrskurðarnefnd hafi farið út fyrir starfs og valdsvið sitt haldlaus og ekki studd viðhlýtandi rökum og er henni hafnað. Á sama hátt er því hafnað að nefndin hafi ekki gætt þess að gefa áfrýjanda kost á að tjá sig um kæruefnið áður en nefndin tók það til afgreiðslu, sbr. 4. tl 7. gr. reglugerðar KSÍ

um aga - og úrskurðarmál, enda skilaði áfrýjandi greinargerð til nefndarinnar dags.
26.09.08.

Samkvæmt framanrituðu er aðalkröfu áfrýjanda um frávísun hafnað.

Varakrafa áfrýjanda lýtur að því að úrslit hins kærða leiks standi.

Hvað það varðar er óumdeilt að Mikael Nikulásason hafði verið dæmdur í leikbann, sem hann átti að afplána í umræddum leik.

Samkvæmt skýrslu eftirlitsmanns KSÍ á leiknum, Skúla Þórs Sveinssonar var umræddur Mikael helst til mikið í kringum lið ÍH og kallaði skipanir til leikmanna frá áhorfendasvæðinu.

Að auki er staðfest í greinargerð áfrýjanda fyrir aga - og úrskurðarnefnd KSÍ að umræddur Mikael hafi verið í vallahúsi og starfsmannaaðstöðu fyrir leikinn, í leikhléi og eftir leikinn fór hann inn á leikvöllinn áður en dómara höfðu gengið til búningsklefa og með þessari háttsemi braut hann gegn grein 13. 7. í reglum aga - og úrskurðarnefndar KSÍ.

Áfrýjandi fullyrðir að Mikael hafi ekki verið þjálfari liðsins á þessum tíma, en hann hafi hætt sem slíkur 15. ágúst 2008 og því falli hann ekki undir ákvæði gr. 13. 7. í reglugerð KSÍ um aga - og úrskurðarmál.

Á það verður ekki fallist og vísast til röksemda og sjónarmiða aga - og úrskurðarnefndar varðandi það álitamál.

Í þessu felst að dómurinn hafnar kröfum áfrýjanda í máli þessu og telur rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð .

Dómsorð

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Guðmundur Pétursson

Guðmundur Þórðarson

Jóhannes Albert Sævarsson